

Skólaárið 2013-2014

Aðalfundur Foreldra- og hollvinafélags Menntaskólans á Egilsstöðum.

8. september 2013 kl. 17:30

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Árni Ólason og fundarritari: Jónína G. Óskarsdóttir

2. Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi samtakanna

Anna Alexandersdóttir las skýrslu stjórnar.

3. Ársreikningur lagður fram

Jónína G. Óskarsdóttir kynnti ársreikninginn.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og afgreiðsla hans

Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning var engin. Ársreikningur svo og skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Of seint var farið í að undirbúa lagabreytingar og frestast þær til næsta aðalfundar skv. kynningu Önnu

6. Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu

Hefð hefur verið fyrir því að ný stjórn geri starfsáætlun og ynt að þessi liður er eitt af því sem fella á út í breytingu á lögum.

7. Kosning í stjórn samtakanna

Óskað eftir þremur í stjórn. Lokið höfðu stjórnarsetu: Fanney K. Ingadóttir, Jóhanna M. Agnarsdóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir. Þeir sem buðu sig fram: Björn Ingimarsson, Margrét Sigurðardóttir, Jón Kristinn Arngrímsson. Varamenn í stjórn: María Veigsdóttir og Selja Eðvaldsdóttir.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Hilmar Gunnlaugsson og Jón Fjölfnir Albertsson kosnir til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn.

9. Önnur mál.

Hvatning til foreldra að taka þátt í foreldrarölti.

**STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME,
HALDINN 29. SEPTEMBER 2013 KL 20:00**

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Anna Alexandersdóttir, Björn Ingimarsson, Jón Kristinn Arngrímsson, Jónína Óskarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Árni Ólason.

Anna Alexandersdóttir er boðaði til fundarins bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Samþykkt að verkaskipting yrði eftirfarandi:

Formaður: Anna Alexandersdóttir
Gjaldkeri: Margrét Sigurðardóttir
Ritari: Björn Ingimarsson
Fulltrúi í skólanefnd ME: Jón Kristinn Arngrímsson
Fulltrúi í geðræktarverkefni: Jónína Óskarsdóttir

2. Fundartími stjórnar á komandi vetri.

Samþykkt að funda kl. 20:00 annan sunnudag í mánuði að jafnaði og að formaður boði til funda.

3. Verkefni vetrarins.

- Ýmsar hugmyndir að verkefnum ræddar og voru fundarmenn sammála um að stefna að því að fá sérfræðing frá BUGL til að halda fyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk. Horft til þessa í byrjun nóvember og ákveðið að bjóða foreldrafélögum grunnskólanna auk Verkmenntaskólans aðkomu að málinu.
- Ákveðið að bjóða stjórn nemendafélagsins að senda tvo fulltrúa á næsta fund stjórnar.
- Skipulag skemmtana og aðkoma foreldra að þeim rædd. Stjórn sammála um að tíminn kl. 22:00 – 02:00 væri hentugur tími fyrir dansleiki og að foreldrum fyrsta og annars árs nema verði raðað niður á foreldravaktir vegna dansleikja vetrarins. Árni mun senda formanni lista yfir foreldra og stjórnarmenn munu vinna tillögur að niðurröðun með tölvupóstsamskiptum.

4. Önnur mál.

- Samþykkt að vinnulag varðandi fundargerðir verði með þeim hætti að ritari sendi stjórnarmönnum fundargerðir í tölvupósti til yfirlestrar og í upphafi hvers fundar verði fundargerð næstliðins fundar afgreidd og í framhaldi af því verði hún sett inn á heimasíðu skólans.
- Opnunartími tölvutenginga á heimavist ræddur og voru fundarmenn sammála um að æskilegt væri að takmarka slíkt aðgengi yfir hánóttina. Niðurstaðan var sú að skoðað yrði með að loka fyrir tengingar á tímabilinu kl. 01:00 til 06:00 á hverjum sólarhring.
- Rætt um að fella niður fund í október en formaður boði til hans ef þurfa þyki.
- Samþykkt að formaður verði varamaður stjórnar foreldrafélagsins í skólanefnd ME.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:50.

STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 17. NÓVEBER 2013 KL 20:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Margrét Sigurðardóttir, Jón Kristinn Arngrímsson og Helgi Ómar Bragason. Anna Alexandersdóttir og Jónína Óskarsdóttir boðuðu forföll.

Í fjarveru formanns stýrði Björn Ingimarsson fundi og bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fulltrúi/ar frá nemendafélagi kynna starf félagsins.

Ákveðið að fresta þessum lið til næsta fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fulltrúum í stjórn og var hún samþykkt samhljóða. Formanni falið að sjá til þess að fundargerðin fari inn á heimasíðu ME.

3. Helgi Ómar kynnir starf á vegum félags framhaldsskóla.

Helgi Ómar Bragason, skólameistari ME, gerði grein fyrir starfi á vegum framhaldsskóla sem miðar að samræmdri stefnu í forvarnarmálum. Fram kom m.a. í máli Helga Ómars að styrkur til verkefnisins hafi fengist úr Lýðheilsusjóði. Unnið verður að mótun stefnunnar í vetur og er stefnt að því að framhaldsskólarnir geti unnið samkvæmt hinni nýju stefnu frá og með hausti 2014.

4. Foreldrarölt 1. des

Farið yfir undirbúning foreldrarölts í tengslum við 1. des hátíð ME (föstudaginn 29/11). Ákveðið að senda tölvupóst á foreldra fyrsta og annars árs nema með því markmiði að fá þrenn til fern pör til að taka að sér röltið. Jafnframt ákveðið að fulltrúar í stjórn setji sig í samband við þau sem líkur eru á að verði tilbúin til að taka þátt. Formanni falið að senda út umræddan tölvupóst.

5. Sérfræðingur frá BUGL – staða

Ákveðið að fresta þessum lið til næsta fundar.

6. Önnur mál

- Ákveðið að leggja til að næsti fundur stjórnar verði haldinn sunnudaginn 8. desember kl. 18:00.

- Ákveðið að kalla eftir gögnum vegna starfsemi fyrri stjórnar m.a. vegna innheimtu gjalda o.þ.h.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:35.

Hvatning til foreldra að taka þátt í foreldrarölti.

**STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME,
HALDINN 20. MARS 2014 KL 18:00**

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Anna Alexandersdóttir, Björn Ingimarsson, Jón Kristinn Arngrímsson og Helgi Ómar Bragason

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fulltrúum í stjórn og var hún samþykkt samhljóða. Formanni falið að sjá til þess að fundargerðin fari inn á heimasíðu ME.

2. Skólastarfið – Staða og horfur

Helgi Ómar gerði grein fyrir stöðu mála. Verkfall brast á mánudaginn 17. mars sl. og nær það til allra kennara. Eina kennslan sem fer fram er sú sem Helgi sinnir sjálfur og verktaki sem sinnir tveimur fjarnemum. 11 starfsmenn eru starfandi í verkfallinu enda ekki aðilar að stéttarfélagi framhaldsskólakennara. Skólinn hefur staðið nemendum opinn en fáir hafa nýtt sér það. Flestir sem eru á heimavist hafa farið til síns heima og hafa margir nemendanna skráð sig af vist og úr mótuneyti enda hafa þeir verið hvattir til þess á meðan að óvissa ríkir. Ræddar voru horfur varðandi skólastarfið með hliðsjón af mögulegri lengd verkfalls. Rædd voru möguleg áhrif á fjárhag skólans. Rætt að mikilvægt væri að koma til foreldra ýmsum praktískum upplýsingum s.s. varðandi mótuneyti, heimavist sem og hvatningu varðandi nám og samstarf á verkfallstímanum og það sem tekur við að verkfalli loknu. Helgi Ómar mun sjá um að senda umræddar upplýsingar út.

3. Önnur mál

Formaður gerði grein fyrir því að Arionbanki muni styrkja foreldrafélagið um sem nemur kostnaði við innheimtu félagsgjalda og einn l-pad mini í edrúpottinn.

Endurvakinn hefur verið skáklúbbur innan skólans en gömlu skáklukkurnar sem eru til eru farnar að láta á sjá og þarf að ráðast í endurnýjun þar.

Ákveðið að halda næsta fund fljótlega eftir að skólastarf hefst á ný (c:a viku) og mun formaður boða til fundar.

Fundi slitið kl. 19:10